

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 224/1981 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 155 18. mars 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 19. maí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

2. júlí 1981.

Nr. 354.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness, nr. 22 24. janúar 1978,
með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 15.80 á mánuði fyrir hvern hemil.
- b) Vatnsgjald kr. 65.40 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 16. maí 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 240/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 2. júlí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

28. maí 1981.

Nr. 355.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Mosfellsahrepps nr. 108 10. febrúar 1977,
með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 20.65 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b) Vatnsgjald kr. 52.15 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra á hámarksstillingu hemils,
sem skiptist þannig: